



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/713
komudagur 18.2.2002

Reykjavík, 13.02.2002

Tilv. 18.103

GÁS/gás

Vísað er til bréfs hæstvirkar efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 5. þ.m. þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, 312. mál.

Samtökin eru í grundvallaratriðum mótfallin þeirri gjalddöku sem lagt er til að tekin verði upp hjá ÁTVR. Þó að gjaldtaka sú sem lögð er til virðist ekki mjög há virðist það tilhneiging hjá opinberum stofnunum að gjöld fari hækkandi þegar þeim hefur einu sinni verið komið á. Hún mun einnig koma harðar niður á þeim áfengisbirgjum sem hafa margar tegundir á boðstólum. Þá er það alveg ljóst að gjaldtakan mun leiða til hækkunar á áfengisverði. Þá er hætta á því að aðrar verslanir kunni að fara að dæmi ríkisins og taki upp gjöld sem þessi, má þar nefna fyrirtæki sem í ljósi stærðar geta haldið uppi sviðaðri einokun vegna markaðsráðandi stöðu.

ÁTVR hefur einokun á sölu áfengis og innflytjendur hafa mjög takmarkaða möguleika á að kynna og markaðssetja vörur sínar. Eini möguleikinn til að koma vöru sinni á framfæri við almenning er í gegnum reynslusölu ÁTVR. Það er hlutverk ÁTVR að skrá vörur, taka inn nýjungar og halda úti þjónustu við almenning, það er engum öðrum til að dreifa. Benda má á að í framhaldi af tilmælum ÁTVR fyrir á þessu ári styttist biðlisti allnokkuð og er eflaust unnt að gera átak til að stytta hann enn frekar. Það hins vegar að mikið sé sótt í að vörur komist á biðlista ÁTVR hlýtur að teljast jákvæti því með því verður ákveðin vörubrúun hvað úrval snertir og ekki má líta fram hjá því að líftími vara er misjafn.

Samtökin sjá ekki að mikill kostnaður leggst á ÁTVR vegna skráninga nýrra tegunda á biðlista og er reyndar engin tilraun gerð til að gera grein fyrir honum í athugasemdum við frumvarpið. Í dag er skráningin rafræn og í ljósi þess getur ekki verið um að ræða svo mikla vinnu eða kostnað að það réttlæti að lagt verði 5.000 króna gjald á hverja skráningu og því spurning hvort frekar eigi að kalla þetta skatt.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þeim möguleika, sem innkaupareglur ÁTVR bera með sér, að í lok reynslutíma kann svo að fara að sá sem skráði vöru í reynslusölu nær ekki samningi um áframhaldandi sölu í kjarna. Í innkaupareglum ÁTVR er beinlínis gert ráð fyrir því að í lok reynslutíma beri ÁTVR að auglýsa eftir verðboðum í vöruna á ný. Öllum er heimilt að gera boð og er ekki sjálfgefið að sá sem skráði vöruna í reynslusölu fái samning í framhaldi af


Því. Mun sá aðili því bæði missa af samningi, tapa þeim kostnaði sem hann varð fyrir við að koma vörunni í reynslusölu auk þess sem nýr samningsaðili þarf hvorki að leggja fram skráningargjald né tryggingu.

Samtökin mótmæla einnig þeirri tillögu sem gerð er í frumvarpinu að birgjar skuli leggja fram tryggingu, að fjárhæð kr. 40.000.-, til tryggingar því að varan nái tilskildum söluárangri til þess að komast í kjarna. Er hér ekkert um að ræða annað en óréttmæta skattlagningu á þá birgja sem ekki ná að koma vöru sinni í kjarna. Benda má á að ef vara nær ekki tilskildum söluárangri hvílir sú skylda á birgja að taka óseldar vörur til baka, er hér um að ræða verulegan kostnað sem lendir á birgjanum en ekki ÁTVR. Innkaupareglur ÁTVR valda því einnig að birgjar þurfa að taka verulega áhættu því þeir geta ekki ráðið því hvenær vara kemst í sölu, á þetta sérstaklega við um árstíðabundar vörur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, ef það verður að lögum, að þau taki gildi þegar í stað. Vakin er athygli á að það er mjög óraunhæft að ætla að lögini geti tekið gildi fyrirvaralaust. Bæði ÁTVR og birgjar þurfa aðlögunartíma. Gera má ráð fyrir að núverandi biðlisti falli niður og birgjar þurfi að skrá vörur á listann að nýju og tekur það nokkurn tíma. Er ekki ofáætlað að tvo mánuði þurfi til þessa.

Að lokum áskilja samtökin sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum og lýsa sig reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt



Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.